



## Spáum 4,3% verðbólgu í júní

Hagstofan birtir júnímælingu vísitölu neysluverðs (VNV) þriðjudaginn 29. júní. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,3% hækkun vísitölnnar milli mánaða. Gangi spáin eftir lækkar verðbólgan úr 4,4% í 4,3%.

VNV hækkaði um 0,4% milli mánaða í maí og þá lækkaði verðbólgan úr 4,6% í 4,4%. Hækkun vísitölnnar milli mánaða var töluvert meiri en við áttum von á, en það skýrist einkum af meiri hækkun húsnæðiskostnaðar en reiknað var með.

Við eigum von á að verðbólgan hjaðni rólega næstu mánuði. Spá okkar gerir ráð fyrir að VNV verði óbreytt milli mánaða í júlí, hækki svo um 0,3% í ágúst og september. Gangi það eftir mun verðbólga mælast 4,0% í september, eða við efri vikmörk verðbólguþéttis Seðlabanka Íslands.

### Miklar verðhækkunir á húsnæði

Það sem komið hefur mest á óvart í verðbólguþróuninni á undanförunum mánuðum hafa verið miklar verðhækkunir á íbúðahúsnæði. Skýrist það að hluta af villu í mælingu Þjóðskrár á vísitölu íbúðaverðs í mars en hækkun íbúðaverðs í mánuðinum reyndist rúmlega tvöfalt meiri, eða 3,3% í stað 1,6% eins og áður var talið.


Á milli febrúar og maí hækkaði fasteignaverð hér á landi alls um 5,8% samkvæmt mælingu Hagstofunnar. Sé horft fram hjá þeim miklu hækkunum sem urðu á fasteignaverði hér á landi árin 2016 og 2017 er þetta mesta verðhækkun á fjögurra mánaða tímabili síðan á sumarmánuðum 2005. Þessar miklu hækkunir má m.a. rekja til lækkunar húsnæðislánvaxta á síðasta ári.

Reiknuð húsaleiga, sem endurspeglar kostnað húsnæðiseigenda við það að búa í eigin húsnæði, er samsett úr annars vegar fasteignaverði og hins vegar vaxtakjörum á húsnæðislánunum. Hið síðarnefnda hefur komið til lækkunar á reiknaðri húsaleigu undanfarið ár vegna vaxtalækkana. Við teljum verulega muni draga úr þessum áhrifum á næstu mánuðum.

Við teljum að þróun á reiknaðri húsaleigu sé stærsti óvissuþátturinn í verðbólguþróun næstu mánuði. Óvissan snýr helst að þróun

Undirliður	Vægi í VNV	Spá	
		Breyting	Áhrif
Matur og drykkjarv.	14,7%	0,6%	0,09%
Áfengi og tóbak	2,7%	0,4%	0,01%
Föt og skór	3,9%	0,5%	0,02%
Húsn. án reikn. húsaleigu	14,8%	0,5%	0,08%
Reiknuð húsaleiga	16,3%	0,8%	0,12%
Húsgögn og heimilisb.	6,7%	-0,5%	-0,03%
Heilsa	3,6%	-0,3%	-0,01%
Ferðir og flutningar (annað)	3,8%	-0,2%	-0,01%
Kaup ökutækja	5,4%	-0,5%	-0,03%
Bensín og díselolía	3,0%	0,2%	0,01%
Flugfargjöld	1,4%	1,0%	0,01%
Póstur og sími	1,8%	-0,8%	-0,01%
Tómst. og menning	9,7%	0,3%	0,03%
Menntun	0,6%	0,0%	0,00%
Hótel og veitingast.	4,7%	0,9%	0,04%
Aðrar vörur og þjónusta	7,1%	0,2%	0,02%
<b>Alls</b>	<b>100,0%</b>	<b>0,33%</b>	

Framlag undirliða



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Macrobond



fasteignaverðs en við gerum ráð fyrir að áfram verði töluvert miklar verðhækkanir á allra næstu mánuðum sem verði þó heldur minni en á vormánuðum.


### ***Innflutt verðbólga vaxandi áhyggjuefni***

Verðbólga í helstu viðskiptalöndum okkar er að aukast. Þannig mældist 4,5% verðbólga í Bandaríkjunum og 1,5% í Bretlandi í apríl en verðbólga á evrusvæðinu mældist 2% í maí. Árshækkun vísitölu framleiðsluverðs í Kína nam 9% í maí. Flutningskostnaður hefur einnig hækkað verulega síðustu mánuði, t.a.m. hefur kostnaður við að senda gám milli Kína og Evrópu rúmlega fjórfaldast á síðustu átta vikum. Reikna má með að hækkunir verðlags erlendis muni í einhverjum mæli skila sér í verðlagi hér innanlands á næstu mánuðum. Krónan hefur hins vegar styrkst um 6,3% gagnvart evru það sem af er ári sem vegur að einhverju leyti á móti kostnaðarhækkunum.

### ***Eigum von minni útsöluáhrifum í sumar en síðustu ár***


Að jafnaði lækka föt og skór milli mánaða í júlí og janúar vegna útsala, en sú lækkun gengur venjulega til baka á næstu tveimur mánuðum þar á eftir. Í júlí í fyrra lækkuðu föt og skór um 3,6% milli mánaða og í janúar í ár um 6,5%. Þar áður hafði þessi liður lækkað um meira en 10% milli mánaða í janúar og júlí samfleytt síðan 2013. Líkleg skýring á minni útsöluáhrifum nú en áður er aukin verslun Íslendinga innanlands vegna faraldursins. Við reiknum með að útsöluáhrifin í júlí verði aðeins meiri en í fyrra, en töluvert minni en árin þar áður.

### **Verðbólguþspár**




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

### **Reiknuð húsaleiga**



Júní - september 2021 er spá Hagfræðideildar.  
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

### **Útsölur á fötum og skóm**



Júlí 2021 er spá Hagfræðideildar  
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.